

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, föstudaginn 1. febrúar 2013, kl 13.00. Haldinn í fundarsal Malarhorns, kaffihúss, Drangnesi. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sátu starfsmenn FV fundinn þau Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð, Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjóri og Jón Jónsson, menningarfulltrúi. Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri BsVest sat fundinn undir dagskrárliðum BsVest.

Formaður setti fundinn og tilkynnti forföll Sigurðar Péturssonar og að varamaður hans Jóna Benediktsdóttir sem boðuð hefði verið til fundarins hefði forfallast nú í morgun. Efni fundarins er stefnumörkun FV auk málefna FV og BsVest til afgreiðslu. Ætlun hefði verið að boða framkvæmdastjóra og starfandi oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum inn á hluta fundarins en vegna slæms veðurútlits er þeim lið frestað.

1. Fundargerð 7. janúar 2013.

Fundargerð var kynnt í tölvupósti til stjórnar þann 11. janúar s.l.. Fundargerð borin upp og samþykkt.

2. Starfsemi FV, framtíðarsýn, skipulag og verkefni.

Kynnt drög að nýju skipuriti FV á grundvelli samþykktar 57. Fjórðungspings Vestfirðinga, 2012 og aukapings í nóvember 2011. Rætt um fyrirkomulag nýrra verkþátta sambandsins, menningarmál og markaðsmál og málaflokka sem falli undir byggðaþróunardeild.

a. Málefni Menningarráðs Vestfjarða.

Menningarfulltrúi kynnti starf Menningarráðs Vestfjarða og málefni sem stjórn FV þarf að taka afstöðu til innan hins nýja skipulags.

b. Málefni markaðsmála.

Formaður kynnti drög að minnisblaði um starf stjórnar Markaðsstofu Vestfjarða á síðustu mánuðum, viðræður við hagsmunaðila, starfslok forstöðumanns og fjárhag. Tillaga að næstu skrefum málsins liggja fyrir í byrjun næstu viku.

c. Þjónustusamningur atvest.

Framkvæmdastjóri kynnti efni þjónustusamnings FV og atvest. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fá lögfræðilegt álit á efnisatriði samningsins en bera hann síðan undir stjórn að nýju. Miðað við afgreiðslu málsins innan skamms tíma.

3. Starfsemi BsVest.

a. Skýrsla Capacent um starfsemi BsVest.

Verkefnastjóri kynnti athugasemdir verkefnahóps BsVest við skýrsluna, ekki er um beinar efnislegar athugasemdir að ræða.

Rætt um efnisatriði skýrslunnar, greiningu á stjórnunarkostnaði og tillögur um breytingar á stjórnun samlagsins.

Formaður gerir að tillögu að fela framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra að útfæra tillögur skýrslunnar í samræmi við umræðu á fundinum og undirbúa fund með sveitarfélögum, þann 12. febrúar n.k.. Fundurinn verði haldin sem fjarfundur.

b. Kostnaður við skýrslu Capacent.



Framkvæmdastjóri kynnti að Capacent hefði lagt fram reikning fyrir lokafrágangs skýrslu að fjárhæð um 400 þkr án Vsk, heildarfjárhæð verkefnisins yrði um 2,2 mkr án Vsk auk 120 þkr ferðkostnaðar eða samtals 2,3 mkr. Væri hér um hluta af vinnu Capacents sem hefði verið meira að umfangi en ætlað var í upphafi en ekki yrði gerður reikningur nema fyrir hluta hans hér. Kostnaður væri því um 400 þkr hærri en samþykkt stjórnar hefði falið í sér. Framkvæmdastjóri kynnti að óskað hefði verði eftir frekari lækkun og hefði verið fallist á um á lækkun lokareiknings niður að rúmunum 2,0 mkr. Stjórn telur að lækka verði reikning niður fyrir 2,0 mkr með vísan til forsenda verkeiðni og felur framkvæmdastjóra að ljúka málinu með þeim hætti.

c. Starfslok verkefnisstjóra BsVest.

Formaður kynnti að verkefnisstjóri Arnheiður Jónsdóttir hefði sagt upp starfi sínu sem verkefnisstjóra BsVest og mun taka við nýju starfi hjá Vesturbyggð.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að starfslokum Arnheiðar, miðað er við að hún ljúki vinnu við fjárhagsáætlun með framkvæmastjóra og starfsáætlun til vors. Miðað er við að starfhlutfalli verði breytt að það verði 60 % frá og með 15. febrúar og til loka mars n.k.. Tillagan samþykkt.

Formaður gerir að tillögu að starf verkefnisstjóra verði auglýst laust til umsóknar og framkvæmdastjóra falið að undirbúa málið. Tillagan samþykkt.

d. Drög að ársuppgjöri 2012.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður að ársuppgjöri 2012. Nánari kynning verði á fundi með sveitarfélögum þann 12. febrúar n.k..

4. Önnur mál.

a. Heimasíða og samskiptaforrit.

Verkefnastjóri og menningarfulltrúi kynntu hugmyndir að kaupum á léninu www.vestfirdir.is í eigu Snerpu ehf, Ísafirði og heimasíðu sem sett verði upp þessu tengt með tilliti til hins nýja sameiginlega vettvangs. Stjórn samþykkir að rætt verði við Snerpu ehf á grundvelli tilboðs samhliða og fjármögnun verði könnuð nánar.

Stjórn samþykkir tillögu um kaup á nýjum samskiptalausnum og uppfærslu hugbúnaðar FV, lausnin er leyfistengd og nemur leiga um 120 þkr á ári.

b. Umsýsla fjármála FV.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á bókhaldi og greiðslu reikninga FV í ljósi aukins umfangs starfsemi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að móta tillögu á grundvelli umræðu á fundinum.

c. Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum og öryggismál á Vestfjörðum.

Síminn hf hefur boðað uppbyggingu komandi misserum svokallaðs Ljósnetts á þéttbýlisstöðum sunnan og norðanverðum Vestfjörðum, er hér um ígildi gagnaflutnings með ljósleiðara. Fram hefur komið að ekki er að vænta slíkrar uppbyggingar í þéttbýli á Ströndum og Reykhólahreppi, vegna vöntunar á ljósleiðara eða endabúnaðar ljósleiðara.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Stjórn FV fagnar þeim áföngum sem hér eru í sjónmáli en telur óviðunandi stöðu að ekki sé til reiðu áætlun um tengingu þéttbýlisstaða á Ströndum og Reykhólahreppi og í sveitum almennt. Öflugir gagnaflutningar eru grundvöllur nútímasamfélags t.d. varðandi áætlanir stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu, mismunum íbúa landsins í þeim efnum er því óviðunandi.

Stjórn FV felur formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með innanríkisráðherra til krefja úrlausna í þessum efnum. Jafnframt verði tekin til umræðu á þeim fundi öryggi íbúa á Vestfirðum er varðar fjarskipti og samgöngur vegna tíðra óveðra á síðustu vikum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.00.